

Gerdur G. Óskarsdóttir

Kópavogi, 1. september 1971.

Til Bæjarstjórnar Kópavogs.

Við undirritaðar leyfum okkur að senda yður hér yfirlit um athuganir, sem við gerðum á síðast liðnum vetri, um útivinnu kvenna í bænum og þörf þeirra á gæzlu fyrir börn undir skólaaldri, þar sem við teljum, að bæjarfélagið eigi að hafa forgöngu um að leysa úr þessari þörf. Jafnframt munum við senda Fjárveitinganefnd Albingis þetta yfirlit, en að okkar dómi ber ríkinu að taka þátt í byggingu dagheimila og leikskóla. Einnig verður nýskipaðri nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar til athugunar á tekjustofnum sveitafélaga sent eintak af þessu yfirliti.

Starfshópur Rauðsokka í Kópavogi gekkst fyrir skoðanakönnun um barnaheimiliðsmál í bænum dagana 8.9. og 10. jan. 1971. Fjórðu hverri konu á aldrinum 20 til 50 ára var sendur spurningalisti með 13 spurningum. Voru það 525 konur. Af þeim reyndust 77 vera fluttar eða 14.7 %, 16 voru erlendis eða úti á landi, ein lá á sjúkrahúsi og ein var dáið. Þær sem fengu listann í hendur voru því 430. Þar af voru 344 eða 80 %, sem fylltu listann út. 86 vildu ekki svara og voru ástæður ýmist viljaleysi, áhugaleysi, sögðust vera of gamlar, áttu ekki börn, voru ógiftar eða höfðu týnt listanum.

Hópnum til aðstoðar við gerð spurninganna og úrvinnslu var Þorbjörn Broddason félagsfræðingur.

Fyrst var spurt, hvort konan hefði launað starf utan heimilis, og ef svo var, þá hvort um væri að ræða fullt starf eða hluta úr starfi. Einnig var spurt, hvort tekin væri vinna heim eða unnið úti hluta úr ári. Við úrvinnslu voru konurnar flokkaðar í 3 hópa eftir því hvort þær áttu börn undir 6 ára aldri og e.t.v. eldri, hvort þær áttu börn 7-12 ára, ekki yngri, en e.t.v. eldri og loks þær sem ekki áttu börn undir 12 ára aldri.

I fyrsta hópnum vinna 24 konur fullt starf utan heimilis eða 12%. 33 vinna hluta úr degi úti eða 16 %, 10 vinna hluta úr ári úti eða 5 %, 15 taka vinna heim eða 7 %. 120 vinna eingöngu heimilisstörf eða 60 %. (sjá mynd 1,2 og 3).

I 2.hópnum vinna 10 konur fullt starf utan heimilis eða 11 %, 33 vinna hluta úr degi eða 36 %, 9 vinna hluta úr ári úti eða 10 %, 2 taka vinna heim eða 2 % og 37 konur vinna eingöngu heimilisstörf eða 41 %.

Í 3. hópnum vinna 18 konur fullt starf utan heimilis eða 38 %, 7 konur vinna hluta úr degi eða 15 %, 2 konur vinna hluta úr ári eða 4 %, 3 taka vinnu heim eða 7% og 17 konur vinna eingöngu heimilisstörf eða 36 %.

Pá var spurt, hvort börn væru á heimilinu 0 til 6 ára og síðan hvort það eða þau dveldust að staðaldri annars staðar en á heimili sínu og þá hvar. 28 % kvennanna vinna úti og eiga börn á þessum aldri. 8 konur sín heim hópi, sem könnunin náði til og vinna fullt starf úti, hafa börn sín á dagheimilinu og eru þar með 12 börn. (sjá mynd 4) 7 konur, sem vinna hluta úr degi úti, hafa börn sín á leikskólunum og eru þar með 11 börn. 38 konur, sem eiga samtals 50 börn undir 6 ára aldri, vinna úti en hafa ekki pláss á dagheimili eða leikskóla. (mynd 5). Þau dveljast ýmist hjá öðmu sinni, öðru skyldmenni eða vandalausum, á meðan móðir þeirra er í vinnu. Sum eru endurgjaldslaugt í fóstri, fyrir önnur er greitt frá 1800 kr. fyrir hálfs dags dvöl upp í 4 þús.kr. fyrir heils dags dvöl.

Til að finna, hver hinn raunverulegi fjöldi barna í þessari aðstöðu er, má margfalda þessa tölu með 6, þar sem sjötta hver kona í þónum tók þátt í könnuninni. En búast má við, að það sé ekki raunhæft, þar sem trúlegt er, að þau 20 % kvenna, sem ekki svöruðu, hafi einmitt ekki átt lítil börn, enda var það oft afsökun þeirra, þegar þær skiluðu auðum spurningalistum. Ef við sláum því af og margföldum með 5, verða þetta 250 börn. Þá má segja, að hér í Kópavogi vanti e.t.v. 250 pláss fyrir börn þeirra mæðra, sem þegar vinna úti, þ.e. a.m.k. 5 dagheimili, ef miðað er við fullan vinnudag. En þess má geta, að aðeins 19 þeirra 38 kvenna, sem nefndar voru, kváðust vinna fullan vinnudag, hinar unnu hluta úr degi mislangan vinnudag, og er hugsanlegt, að sumum þeirra nægði leikskólapláss fyrir börn sín, ef opnunartími væri rýmkaður.

Því næst voru þær, sem áttu börn á dagheimili eða leikskóla, þeðnar að láta álit sitt í ljós varðandi opnunar- og lokunartíma þeirra. (sjá mynd 4) Helmingur þeirra, sem hafa börn sín á dagheimilinu, kváðu starfstímann of skamman. Vinna sumra þeirra hefst t.d. kl. 8 að morgni, aðrar segjast vinna til kl. 6 að kvöldi, og þurfa þær því að fá einhvern annan til að sækja barnið fyrir sig og gæta þess, þar til þær koma heim.

6 af þeim 7, sem hafa börn sín á leikskóla, meðan þær eru í vinnu, segja að starfstími þeirra samrýmist ekki vinnutíma þeirra.

Jlestær þeirra vinna frá kl. 1 til 6, en leikskólinn lokar kl. 5, eins og áður segir, Aðrar hefja vinnu kl. 8 og ljúka henni milli kl. 12 og 1, ein kveðst vinna til kl. hálf tvö. Af þessu sést, að opnunartími leikskóla hentar að takmörkuðu leyti útivinnandi mæðrum. Auðvelt ætti að vera að bæta úr þessu, með því að taka upp vaktavinnu á heimilunum.

Næsta spurning var um það, hvort þær, sem ekki vinna úti þ.e. 63% þátttakenda hefðu áhuga á starfi utan heimilis, ef þær hefðu örugga gæzlu fyrir börnin. 104 svöruðu þessari spurningu játandi, þ.e. 30% af öllum þátttakendum. 25% höfðu ekki áhuga, 9% svöruðu ekki. Af þessum 104 voru 78, sem eiga börn undir 6 ára aldri og eiga þær samtals 118 börn (töluna má margfalda með 5 til að gera sér í hugarlund þörfina á dagheimilis- eða leikskólaplássum fyrir þessi börn) (mynd 6)

Þær, sem eiga börn 7 til 12 ára, voru spurðar, hvort þessi börn þeirra hefðu áhrif á aðstöðu þeirra til vinnu utan heimilis (mynd 7) Af þeim, sem svöruðu þessari spurningu, vinna 66 utan heimilis og af þeim sögðu 45%, að óregluleg stundatafla í skóla, þörf barnanna á hjálp við heimanám og þörf þeirra á gæzlu, hefði neikvæð áhrif á aðstöðu til vinnu utan heimilis. 55% sögðu að þau hefðu engin áhrif á aðstöðu til útivinnu. Af þeim 204, sem ekki vinna úti, sögðu 151 eða 63%, að þarfir barna á þessum aldri kæmu í veg fyrir vinnu utan heimilis. 54 konur eða 37% töldu þennan aldursflokk engin áhrif hafa á hugsanlega vinnu þeirra utan heimilis.

Það, sem einkum vekur athygli hér, eru vandamál þau, sem fylgja tví- og þrísetnum skólum. Skólatíminn verður tiltölulega stuttur, og sundurslitinn og heimanám óeðlilega mikið. Við núverandi aðstæður mætti ráða nokkra bót á óreglulegri stundatöflu, en það kostar væntanlega fé og fyrirhöfn.

I þessu sambandi viljum við einnig vekja athygli á skóladagheimili því, sem Reykjavíkurborg rekur í stóru íbúðarhúsi við Skipasund 80, þar sem börn fá að dvelja þann tíma, sem foreldrarnir eru í vinnu og þau sjálf eru ekki í skólanum. Gjald er 1650 kr. á mánuði.

Starfsvellir eru teir hér í bænum Konurnar voru spurðar, hvort börn þeirra á aldrinum 7 til 12 ára sækta þá. 72 eða 33% þeirra, sem eiga börn á þessum aldri, svöruðu henni játandi. 133 eða 61% svöruðu neitandi, og mjög margar þeirra bættu við, að ástæðan væri sú, að vellirnir væru of langt frá heimilum þeirra. 14 svöruðu ekki. Þá kom í ljós, að 53% þeirra, sem nota starfsvellina, vildu hafa þá opna allt árið.

Hvað snertir reksturskostnað dagvistunarstofnana, voru konurnar spurðar, hverja þær teldu eiga að standa undir kostnaði við rekstur þeirra. Í hópi þeirra, sem eiga börn á þessum aldri og vinna úti, töldu flestar eða tæp 40% að reka ætti súkar stofnanir á sama hátt og barnaskóla, þ.e. af ríki og bæ sameiginlega. Þær, sem ekki vinna úti og eiga börn á þessum aldri, hölluðust aftur á móti fleiri að því, að bæjarfélagið eitt eigi að taka þátt í kostnaðinum eins og nú er. Hjá þeim, sem ekki eiga börn á þessum aldri, virðast tveir möguleikar, helzt koma til greina, þ.e. að bæjarfélagið taki þátt í kostnaðinum eins og nú eg að ríki og bær reki þetta sameiginlega. Það að fólk borgi í samræmi við tekjur sínar fékk mjög lítinn hljómgrunn, bæði hjá þeim konum, sem vinna utan heimilis, og þeim, sem ekki gera það.

Næst var spurt, hvort þær teldu þörf á dagvistunarstofnun í þeim handa börnum undir tveggja ára aldri (svonefndar, dagvöggustofur eða skriðdeildir dagheimila). Langflestar eða 96% svöruðu því játandi. Í þeimum er engin súkar stofnun fyrir börn á þessum aldri, og liggur í augum uppi, að slikt veldur útivinnandi mæðrum, sem eiga ungbörn, miklum erfiðleikum. Viljum við vekja sérstaka athygli á þessu atriði.

Að lokum var spurt um aldur og menntun kvennanna (mynd 8). Það sem vekur helzt athygli varðandi menntunina, er það að menntun eftir gagnfræðapróf, hefur ekki aukizt á þessu 30 ára tímabili (konurnar eru fæddar á tímabilinu 1920 til 1950).

Þegar borin var saman útivinna og aldur voru konurnar flokkaðar í þrjá flokka eftir aldri. Kom í ljós, að í yngsta aldursflokknum (fæddar 1940-50) unnu 42% úti (fullt eða hálft starf), sama hlutfall kom úr þeim elzta (fæddar 1920-29). Lægst var hlutfallið í aldurflokknum, sem fæddur er 1930-39, aðeins 31% þeirra vinnur utan heimilis fullt eða hálft starf. Reikna má með, að meirihluti kvenna á þessum aldri eigi börn á barnaskólaaldri.

Þegar athuguð er samsvörun milli menntunar og útivinnu (mynd 10) kemur í ljós, að þær, sem hafa betri menntun, vinna frekar úti en hinarr. 69% þeirra, sem hafa stúdentspróf, kennarapróf, samvinnuskólapróf eða verzlunarskólapróf, vinna úti fullt eða hálft starf. 67% þeirra, sem lagt hafa stund á eitthvert háskólanám, vinna utan heimilis og eru 50% í fullu starfi, en 17% í hálfu. Athyglisvert er, að konur sem lagt hafa stund á sérnám, svo sem hjúkrun eða iönnám, vinna ekki frekar úti en þær, sem aðeins hafa skyldunám/gagnfræðapróf eða þ.e. 33 - 34% þessara hópa hafa starf utan heimilis. Hér má benda á, að í hjúkrunarstörfum er venj legast um vaktavinnu að ræða og því erfitt með barnagæzlu.

Könnun þessi náði ekki til fleiri þátta en hér hafa verið taldir. Af henni má sjá, að þörf fyrir dagheimili og leikskóla, sem reknir eru á breiðum grundvelli, er mjög mikil. Með ári hverju sækja æ fleiri konur út í atvinnulífið, þar sem heimilisstörfin léttast með aukinni iðnvæðingu, þjónustu og vélanotkun. Þær vilja fá útrás fyrir starfsorku sína og atvinnulífið kallar á starfeskrafa þeirra, því verður að gera áætlun um, að nær öll börn eigi þess kost að dvelja á dagheimili eða leikskóla, áður en skólaganga hefst.

Þeir sem telja, að slík dvöl sé, börnum óholl, skulu íhuga að séu heimilin ekki nágu góð í dag, þá er brýnt verkefni að bæta þar úr og þá einkum með bættum rekstri og bættri menntun starfsfólks þeirra.

Nú eru hér í Kópavogi tæplega 2 þús. börn undir 6 ára aldri og má reikna með því, að þessi tala breytist ekki mikil til aldamóta. Ef reiknað væri með, að fullnægja þörfinni nokkru, fyrir aldamót byrfti að byggja a.m.k. eitt heimili á ári og ætti bæjarféluginu ekki að vera það ofraun. Slíkt kostar að sjálfsögðu allmikið fé, en við það að konur fari að afla teknar aukast jafnframt tekjur ríkis og bæja. Þess má geta hér í þessu sambandi að leikskólinn við Bjarnhólastíg, sem tekinn var í notkun síðast-liðið haust og tekur 80 börn í hálfsdags dvöl, kostaði rúmar 3 milljónir króna. Að þessu ári mun eiga að leggja 10 millj.kr. í barnaskólabyggingu og 25 millj. kr. í gagnfræðaskólabyggingu her í bæ. Af þessu sést, hve kostnaður við byggingu barnaheimilis er lítill miðað við skóla. Sjálfsagt er að bæjarfélög geri þá kröfu til ríkisins að það taki þátt í byggingakostnaði dagheimila og leikskóla eins og það gerir við skólabyggingar.

Með virðingu og vinsemd,

Gerður G. Óskarsdóttir

Helga Sigurjónsdóttir

Guðný Gunnarsdóttir

Ingveldur Þorkelsdóttir

Guðrún Albertsdóttir

Margrét Guðmundsdóttir